



Alþingi
Erindi nr. P 137/803
komudagur 24.137/803

22. September 2009

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Breytingar þær sem hér um ræðir miða einkum að því að auka upplýsingaflæði og aðkomu almennings þegar ákvarðanir eru teknar um leyfi til starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Breytingarnar eru til bóta að þessu leyti og tryggja að almenningur fær upplýsingar um starfsemi á þessu sviði á Íslandi.

Afar mikilvægt er þó að benda á að þessar breytingar munu reyna á málefnalega og vísindalega umfjöllun um erfðabreyttar lífverur. Frumvarpið byggir að miklu leyti á varúðarreglunni (Precautionary principle) en mikilvægt atriði hennar er "vísindaleg fullvissa", þ.e. scientific certainty. Þetta hugtak kemur m.a. fram í 15. reglu Ríó sáttmálans þar sem segir:

"In order to protect the environment, the precautionary approach shall be widely applied by States according to their capabilities. Where there are threats of serious or irreversible damage, lack of full scientific certainty shall not be used as a reason for postponing cost-effective measures to prevent environmental degradation."

Hvorki varúðarreglan né vísindaleg fullvissa hafa verið skilgreind nákvæmlega. Mikilvægt er því að lögin tryggji að í hverju tilfelli fyrir sig verði vísindaleg fullvissa skilgreind af óháðum fagaðilum með sérþekkingu á viðkomandi sviði. Tryggja þarf að óháð vísindaleg þekking á viðkomandi sviði sé til staðar á öllum stigum umfjöllunarinnar og á öllum þeim stofnunum sem taka ákvarðanir um þessi mál, t.d. við skipun fulltrúa í ráðgjafarnefndir og þegar leitað er umsagnaraðila. Á þessu þarf að herða í frumvarpinu.

Sérstakar athugasemdir:

1. Í 3. gr. lið c. er sagt: "...eða vöru sem hefur þær að geyma". Hér er fremur óljóst hvort átt er við vörur sem geyma lifandi erfðabreyttar lífverur eða vörur sem geyma afurðir úr erfðabreyttum lífverum." Er átt við erfðabreytt matvæli, t.d.?
2. Í 3. gr. segir enn fremur: "Umsækjandi er sá sem afhendir umsókn samkvæmt lögum þessum." Það getur varla verið ætlan laganna að gera póstin að lögformlegum umsækjenda í þessum málum. Hér hlýtur að eiga við að: "Umsækjandi er sá sem ber faglega ábyrgð á viðkomandi verkefni."

Eiríkur Steingrímsson
prófessor, Læknadeild Háskóla Íslands

Magnús Karl Magnússon,
prófessor, Læknadeild Háskóla Íslands

Jón Jóhannes Jónsson
dósent, Læknadeild Háskóla Íslands